

**Sp. 601. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]**  
um byggingu þjóðarbókhlaða.

(Lögð fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.

**Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.**

Enginn árgeiningur mun vera um það meðal Íslendinga, að rétt sé að minnst 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar með eftirminnilegu hætti. Árið 1966 kaus Alþingi nefnd til þess að gera tillögur um, með hverjum hætti afmælisins skyldi minnzt. Ein af tillögum nefndarinnar var bygging þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.

Alþingi samþykkti árið 1957 tillögu um, að sameina skyldi Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Í þeim húsakynnum, sem þessi söfn hafa nú til umráða, er það ekki framkvæmanlegt. Viðræður hafa þó farið fram milli menntamálaráðuneytis, Landsbókasafns og Háskólabókasafns um sameiningu safnanna og ákvæði verið tekin í lög um Landsbókasafn Íslands, sem samþykkt voru 1969, varðandi þetta efni. Nokkur undirbúningur að byggingu þjóðarbókhlaða hefur og farið fram og frumáætlanir verið gerðar, m. a. með aðstoð sérfræðinga frá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, og hefur Alþingi veitt nokkrar byrjunarfjárveitingar.

Í tillögu þessari til þingsályktunar leggur ríkisstjórnin til, að Alþingi ákveði að reisa þjóðarbókhlaðu í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Ef tillagan verður samþykkt, mun ríkisstjórnin leggja áherzlu á að hraða undirbúningi öllum og leggja til við Alþingi, að nauðsynlegar fjárveitingar verði veittar á næstu árum. Vegna þess, hve skammt er til afmælisins, og hins, hversu undirbúningur slíkrar byggingar er vandasamur og tímafrekur, er ekki við því að búast, að byggingunni geti verið lokið 1974, enda verður hér einnig um mjög vandaða og dýra byggingu að ræða. Engu að síður á bygging þjóðarbókhlaðunnar að vera tengd þessum merkisatburði í sögu Íslendinga.